

## Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands í lok nóvember 2003 og til samanburðar í lok desember 2002 ásamt breytingum í nóvember 2003 og frá ársbyrjun 2003.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst í mánuðinum um 6,0 milljarða króna og nam 57,7 milljörðum króna í nóvemberlok (jafnvirði 776 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok). Erlend skammtímalán bankans vegna gjaldeyrisforða eru engin, en um síðustu áramót námu þau rúmlega 16 milljörðum króna.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 3,8 milljarða króna í nóvember í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína sem m.a var greint frá í maihefti Peningamála 2003. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 0,38% í nóvembermánuði.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,9 milljörðum króna í nóvember lok miðað við markaðsverð. Þar af námu markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs 0,7 milljörðum króna.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 2,6 milljarða króna í nóvember og námu 41,7 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir breyttust lítið og námu 3,6 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nettókröfur bankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir lækkuðu um 8,8 milljarða króna í nóvember og námu nettóinnstæður ríkissjóðs 25,3 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans lækkaði í nóvember um 4,1 milljarð króna og nam 33,3 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabankans  
Í milljónum króna

	Staða í lok tímabils		Hreyfingar 2003	
	Desember 2002	Nóvember 2003	Frá ára- mótum	Í nóvember
<b><u>Eignaliðir :</u></b>				
Gjaldeyrisforði	37.194	57.780	20.585	6.037
Gull	1.727	1.871	145	14
Erlendur gjaldeyrir	33.418	53.904	20.486	6.052
SDR	12	4	-8	-2
Gjaldeyrisstaða IMF	2.038	2.001	-37	-27
Markaðsskráð verðbréf	5.260	3.923	-1.337	33
Ríkissjóðs	1.816	707	-1.109	3
Annarra	3.445	3.216	-228	30
Kröfur á innlánsstofnanir	69.141	41.670	-27.470	-2.587
Kröfur á aðrar fjármálastofnanir	8.227	3.642	-4.585	455
<b><u>Skuldaliðir:</u></b>				
Erlendar skuldir til skamms tíma	16.499	138	-16.360	-67
Seðlar og mynt	9.590	9.948	358	106
Almennar innstæður innlánsstofnana	1.164	769	-395	-297
Staða á bindireikningum innlánsstofnana	21.837	22.541	705	-3.905
Almennar innstæður annarra fjármálastofnana	75	45	-30	1
Staða á bindireikningum annarra fjármálastofnana	1.258	612	-646	-185
<b><u>Liðir til skýringar :</u></b>				
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans, nettó:	20.696	57.641	36.946	6.104
Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó:	-20.846	-25.276	-4.430	-8.761
Kröfur á aðra, brúttó	77.454	45.411	-32.043	-2.131
Grunnfé:	32.590	33.258	668	-4.097

### Skýringar:

*Gjaldeyrisforði sýnir brúttóeign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri. Erlendur gjaldeyrir sýnir innstæður í erlendum bönkum og erlenda verðbréfaeign bankans. Gjalddeyrisstaða við IMF sýnir hreina innstæðu bankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs sýna eign bankans í spariskirteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvixlum. Markaðsskráð verðbréf annarra eru húsbref og húsnæðisbréf. Kröfur á innlánsstofnanir eru brúttókröfur bankans á innlánsstofnanir. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir eru brúttókröfur bankans á þessar stofnanir. Erlendar skuldir til skamms tíma sýna gjaldeyrisinnstæður í Seðlabanka Íslands. Seðlar og mynt sýna heildarfjárhæð seðla og myntar í umferð utan Seðlabanka. Almennar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður þeirra á viðskiptareikningum í Seðlabankanum og bundnar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður sem þeim er skylt að eiga í Seðlabankanum í samræmi við bindiskyldu sem bankinn ákveður. Neðanmáls eru sýndir fjórir liðir til skýringar, í fyrsta lagi nettógjalddeyrisstaða Seðlabankans sem sýnir erlendar eignir til skamms tíma að frádregnum erlendum skuldum til skamms tíma, í öðru lagi nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. skuldir þessara aðila við Seðlabankann að frádregnum innstæðum þeirra í bankanum, í þriðja lagi innlendar brúttókröfur á aðra en ríkið, og í fjórða lagi grunnfé bankans en til þess teljast seðlar og mynt í umferð og innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum.*